

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12 906,00 kr/á ári
Orkugjald	2,72 kr/kWst
Rúmmetragjald	24,23 kr/m ³

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12 906,00 kr/á ári
Orkugjald	2,72 kr/kWst
Rúmmetragjald	24,23 kr/m ³

Vatnsmagn I480.

Orkubúinu er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu á Suðureyri við Súgandafjörð og í algjörum undantekningartilvikum á öðrum stöðum.

Fastagjald	12 906,00 kr/á ári
Rúmmetragjald	113,00 kr/m ³

Orka H498.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð til þeirra er nota meira en 400.000 kWst/á ári.

Fastagjald	12 906,00 kr/á ári
Orkugjald	1,76 kr/kWst
Rúmmetragjald	15,77 kr/m ³

Hemill I489.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.

Fastagjald	23 649,00 kr/á ári
Mínútlítragjald	2 501,00 kr/mán

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 834,00.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 669,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjálst aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. ágúst 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 219, 28. maí 1993, svo og gjaldskrá hitaveitu Suðureyrar nr. 21, 17. janúar 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.